

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íþróttá- og skólasvæðis við Ásgarð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi íþróttá- og skólasvæðis við Ásgarð og Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir viðbyggingum við skóla, byggingu stúku við íþróttavöll og stækkun núverandi bílastæða. Jafnframt er gert ráð fyrir að eldri deiliskipulagstillögur á sama svæði falli úr gildi. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Garðabæ, 4. desember 2001.*

F.h. Garðabæjar,

**Bergljót S. Einarsdóttir**, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.